

Bogi Nils Bogason  
Icelandair ehf.  
Reykjavíkflugvelli  
101 Reykjavík

Sæll Bogi.

Við undirritaðir erum starfsmenn í hlaðdeild Icelandair á Reykjavíkflugvelli.

Með vinnu okkar búum við til verðmæti fyrir fyrirtækið þitt. Vinnan er krefjandi og slítandi, en við sinnum henni alla daga, allan ársins hring og í öllum veðrum.

Við tökum vinnu okkar alvarlega og viljum vinna hana rétt, samkvæmt þeim kjörum sem hefur verið samið um.

Í samtölum við fyrirtækið um okkar mál höfum við haft öflugan trúnaðarmann. Hún heitir Ólöf Helga Adolfsdóttir og er félagi okkar og vinur. Hún hefur talað máli okkar og staðið vörð um réttindi okkar samkvæmt gerðum kjarasamningi. Það er hennar hlutverk og það hefur hún gert vel.

Nú hafa stjórnendur hjá fyrirtækinu þínu rekið Ólöfu úr vinnu. Að reka trúnaðarmann okkar Ólöfu úr starfi er árás á hana og á okkur alla.

Þeir yfirmenn sem framkvæmdu uppsögnina hafa fengið bréf frá lögmanni Eflingar. Við hvetjum þig til að lesa það, vegna þess að þú berð ábyrgð á uppsögninni.

Við viljum minna þig á að við höfum rétt á að tjá þér skoðun okkar án þess að vera refsað fyrir það, alveg eins og Ólöf á rétt á því að sinna starfi trúnaðarmanns án þess að vera refsað fyrir það. Þessi réttur er verndaður af lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Þar stendur að atvinnurekendum sé óheimilt að reyna að hafa áhrif á skoðanir eða afstöðu verkafólks, meðal annars varðandi stéttarfélög og vinnudeilur, með uppsögn, eða hótunum um uppsögn.

**Við krefjumst þess að Icelandair dragi til baka uppsögn Ólafar Helgu Adolfsdóttur.**

Það er á þína ábyrgð að bregðast rétt við.

Undirritað af starfsmönnum í hlaðdeild á Reykjavíkflugvelli  
á vinnustaðafundi föstudaginn 3. september 2021:

Vilmundur Robert Reimarsson

Jón Valur Jónsson

Gunnar Guð Þórhásson  
Alexander Þorkelsson

Þórunn Ragnarsdóttir

Jóhann Mör Sigurðsson

Ólafur Pétur Ólafsson

Jón-Þórunn Leik

Daði Arnarsson

Daníel Þór Midgley

Paul Graham Roberts

Ágústinn S. Guðjónsson

Þórunn Ragnarsdóttir